

## Plankamorðið í MTR

Klukkan var rétt rúmlega átta að morgni. Kalt var í veðri og snjókráp þakti vegina. Hurðirnar á Menntaskólanum á Tröllaskaga opnuðust er Villa íslenskukennari kom inn, hún var þreytt eftir að hafa eytt mest allri nóttinni í að fara yfir verkefni nemenda sinna. Villa settist inn í kennslustofuna með kaffibolla í hendinni, og tók samstundis eftir því að þeir Júlíus og Sindri voru ekki í tímanum. Villa velti því sterklega fyrir sér hvort Júlíus hefði verið að skrópa eins og vanalega; en af hverju vantaði Sindra? Hann sem hafði alltaf mætt í alla tíma.

Skyndilega fylltust stofur skólans af bláum ljósum og gríðarlega háum sírenuhljóðum. Við þetta brá Villu mikið, hún stóð hratt upp og gekk fram á gang til að athuga hvað væri á seyði. Villa sá að anddyri skólans var að fyllast af nemendum sem voru skelfingu lostnir yfir látunum í lögreglunni.

Gísli húsvörður var með tárin í augunum þegar hann tók á móti lögreglumanninum. Gísli ræddi við hann svo enginn heyrði, og gekk svo rösklega í átt að stiganum sem lá niður í kjallara með lögreglumanninn á eftir sér. Villa sagði nemendum skólans að vera rólegir og skipaði þeim að fara í skólastofur sínar þar til nánari upplýsingar gæfust. Hún hljóp í átt að stiganum og fór niður í kjallara. Þar lá nemandi hennar Júlíus Blómkvist hreyfingarlaus í blóði sínu.

Kjálkabeinið á Júlíusi var farið úr lið öðru megin og sár var á höfðinu sem skildi eftir sig stóran blóðpoll. Við hliðina á líkinu var blóðugur tréplanki. Þessi planki hlaut að vera morðvopnið hugsaði hún með sér. Hún hafði séð plankann áður í kjallaranum og vissi að hann hafði verið þar í langan tíma. Þetta morð virtist hafa verið óskipulagt og eitthvað hlyti að hafa gengið á. Lögreglumaðurinn snéri sér skyndilega við og sagði við Villu: „Þetta er glæpavettvangur, þú mátt ekki vera hérna.“ Villa horfði einu sinni enn á illa farið lík Júlíusar og gekk upp stigann. Hún átti erfitt með að standa í fæturna eftir það sem hún hafði séð. Einn af hennar nemendum, myrtur.

Allur skólinn var á iði og Villa ákvað að athuga hvernig íslenskunemendum hennar liði. Hún kom inn í kennslustofuna en áður en hún gat ákveðið hvernig hún myndi segja nemendum slæmu fréttirnar um andlát samnemanda þeirra sá hún að Sindri var mættur. Ekki bara var hann mættur, heldur leit hann út eins og hann væri móður, en var að reyna að fela það eins vel og hann gat. „Sindri,“ segir hún og hann lítur upp til hennar. „Hvar hefur þú verið?“ Sindri virðist vera hræddur við eitthvað, en hann segir: „Hvað meinarðu,

ég hef bara verið hér.“ Villa leit grunsamlega á Sindra, en fjarvera hans var ekki það sem var mikilvægt á þessari stundu. Lára kom þá inn og tilkynnti öllum að þeir ættu að safnast saman inni á bókasafni.

Bókasafnið var yfirfullt af nemendum og kennurum skólans. Lára stóð þar í miðjunni ásamt lögreglumanninum. Hann sagði að hann þyrfti að yfirheyra alla á svæðinu, sem þýddi að enginn mætti fara frá skólanum í bili. Aðrir lögreglumenn mættu fljótlega á svæðið. Margir klukkutímar liðu þangað til lögreglumennirnir væru búnir að tala við alla í skólanum. Villa settist niður og fljótlega kom nemandi hennar, Sæþór, og settist við hliðina á henni. „Ég heyrði að þú hefðir farið þarna niður, þangað sem þetta gerðist,“ sagði Sæþór hikandi. Villa svaraði aðeins með því að kinka lítillga kolli. „Hvað sástu þarna niðri?“ bætti Sæþór við. Villa andvarpaði og sagði: „Ég vil ekki tala um það.“ „Einhverjar vísbendingar? Eitthvað sem segir til um það hver gerði þetta?“ Villa sagði ekki neitt, hann stóð upp og strunsaði út ganginn.

Villa sat fyrir utan eina af stofunum þar sem yfirheyrslurnar voru í gangi. Sindri gekk þaðan út eftir að hafa verið yfirheyrður af lögreglunni. „Sindri, mætti ég aðeins tala við þig?“ sagði Villa við hann. Sindri sneri sér við og ætlaði að svara henni, en á sama tíma kallaði lögreglumaðurinn í Villu. Hún var næst í yfirheyrslu.

Hún gekk inn í stofuna Kvíabekk sem lögreglan notaði fyrir yfirheyrslur sínar í skólanum. „Heitir þú Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir?“ „Já,“ svaraði Villa eftir að hafa sest niður. „Hvar varst þú klukkan sex í gærkvöldi?“ „Ég var heima hjá mér.“ „Klukkan hvað fórst þú heim úr skólanum í gær?“ Villa hugsaði sig um og sagði svo: „Ég var búin klukkan tvö en fór ekki heim fyrr en um hálf þrjú.“ „Og tókst þú eftir einhverju óvenjulegu í gær áður en þú yfirgafst skólann?“ „Nei, mér sýndist allt vera með felldu þegar ég fór, en í morgun kom Sindri seint í tíma en hann hefur aldrei áður mætt seint. Þegar ég spurði hann svo út í það þóttist hann hafa verið hérna allan tímann.“ „Það er eitthvað bogið við það,“ sagði lögreglumaðurinn og punktaði niður á blaðið sitt.

Skyndilega opnuðust dyrnar á stofunni, einn lögreglumannanna gekk inn með glæran plastpoka í hendinni, í pokanum voru vettlingar sem Villa kannaðist ekki við.

Lögreglumaðurinn segir að þessir vettlingar hafi fundist í kjallaranum á borði skammt frá líkinu. Villu fannst eins og vettlingarnir hefðu ekki verið þarna þegar hún fór niður í kjallarann, kannski hafði hún ekki tekið eftir þeim vegna þess að hún var of upptekin af líkinu.

Lögreglan fór að rannsaka hver ætti vettlingana en Villa var ekki sannfærð um að vettlingarnir tilheyrðu morðingjanum. Hún fór að spyrja vini Júlíusar um afdrif hans

síðastliðna daga og hvort þeir vissu eitthvað um hvað hann var að gera hérna kvöldið áður og hver hefði verið með honum. Allir vinir hans töluðu um gríðarlegan áhuga hans á planki, og að hann hefði verið í stífri þjálfun til að slá plankameistarið og loksins verða plankakóngurinn. Þetta var það eina sem Júlíus eyddi frítíma sínum í og var þess vegna það eina sem vinir hans töluðu um.

Villa fór svo að ræða við Sindra, þar sem hann var augljóslega að fela eitthvað. Hún kom að honum þar sem hann var að skoða eitthvað í tölvunni sinni en henni var sama um hvað hann var að skoða. „Er einhver sérstök ástæða fyrir því að þú mættir of seint í morgun?“ sagði hún til að komast strax að punktinum. Sindri þóttist vera of niðursokkinn í tölvuna sína til að heyra en Villa sá í gegnum það. „Ég veit að þú mættir ekki fyrr en eftir að líkið var fundið en samt reyndir þú að fela það. Af hverju?“. Sindri andvarpaði en sagði svo: „Ég gerði samning við foreldra mína um að ef ég færi í gegnum þessa önn með fulla mætingu fengi ég bíl í jólagjöf. Í morgun svaf ég yfir mig í fyrsta sinn.“ Grunur Villu hætti að beinast að Sindra þegar hún sá það sem hann var að skoða í tölvunni sinni. Hann var að skoða einfaldar fréttasíður en Villa tók eftir einni sérstakri fyrirsögn: *Sæþór Ólafsson heimsmeistari í planki*. Þess vegna hafði hann verið svona forvitinn um sönnunargögn málsins. Hann vildi vera viss um að ekkert benti til sín. Júlíus hafði helgað líf sitt heimsmeistaratitlinum í planki og því hlaut hann að vera betri en Sæþór í því, og það var eitthvað sem Sæþór gat ekki sætt sig við.

Villa fann Sæþór á bókasafninu að fagna með vinum sínum. Hann hlýtur að hafa komist að því að hann var orðinn plankakóngurinn. „Til hamingju, Sæþór,“ sagði Villa kaldhæðnislega. „Bara ef þú hefðir ekki lent í öðru sæti.“ Sæþór horfir á Villu ringlaður. „Öðru sæti? Hvað meinarðu? Ég á besta tímann!“ „Það er það sem allir halda,“ svaraði Villa. „Við tvö vitum samt betur. Við vitum að Júlíus sló metið þitt.“ Sæþór roðnaði. „Júlíus? Það er enginn Júlíus til að slá neitt met lengur! Það er bara ég!“ „Það er mjög hentugt fyrir þig núna, er það ekki?“ sagði Villa og brosti bara til hans. „Hentugt? Það var ekkert hentugt á bak við hann! Hann vildi gera þetta svo miklu erfiðara en þetta þurfti að vera! Það var hann sem olli sínum eigin dauða, ekki ég! Ég sveiflaði bara plankanum!“

Sæþór róaðist aðeins niður og áttaði sig á því að allir voru að horfa á hann. Allir vissu að hann hafði drepit Júlíus. Hann horfði í kringum sig og áttaði sig á því að lögreglumennirnir nálgust hann. Til þess að sleppa tók Sæþór til fótanna og kastaði sér út um gluggann. Þrátt fyrir snögg viðbrögð lögreglumannanna náði Sæþór að sleppa frá þeim í bili.

Fjórum dögum síðar las Villa um það í blaðinu að Sæþór hefði fundist. Hann hafði reynt að smygla sér úr landi á trillu sem hann stal á Siglufirði. Lögreglan fékk tilkynningu frá

gömlum manni sem hafði séð Sæþór brasa við það að koma trillunni í gang. Lögreglan mætti á svæðið áður en Sæþór náði að komast frá landi og handtók hann.

Höfundar: Elva Hrund Árnadóttir, Júlíus Blómkvist Friðriksson, Sindri Valpórsson og Sæþór Ólafsson.